

## Aðalstjórn Völsungs

24.10.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt:

### 1. Jólblað Völsungs

Jólblað Völsungs er orðinn árlegur þáttur í starfi félagsins. Blaðið hefur komið út um miðjan desember ár hvert.

Búið er að senda á forsvarsmenn deilda og óska eftir pistlum í síðastalagi fyrir 15. nóvember. Stefnt verður á að prenta blaðið í byrjun desember og bera það út um miðjan desember.

*Kynnt.*

### 2. Félagsgjöld 2018-2019

Á félagsgjalda árinu frá október 2018 til október 2019 greiddu 458 félagsgjald í Völsungs. Allir skráðir félagsmenn 18 ára og eldri fá sent félagsgjald. Félagsgjald var sent á 1048 og því greiddu um 44% skráðra félagsmanna 18 ára og eldri gjaldið. 78 óskuðu eftir að fella niður gjaldið og skrá sig af félagalista.

*Kynnt.*

### 3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ endurnýjun

Völsungur varð fyrirmyndarfélag ÍSÍ 2015. Nú um áramótin er kominn tími á að endurnýja vottunina og í því samhengi þarf að taka stöðumat á starfi félagsins.

*Heiða Elín tekur að sér að fara yfir gátlista frá ÍSÍ.*

### 4. Hugmynd að umsókn til landlæknis

Settur verður upp listi yfir áhugaverð verkefni og í framhaldinu verðu send inn umsókn. Óskað verður eftir hugmyndum frá forsvarsmönnum deilda.

### 5. Erindi frá Kristni Jóhanni Lund formanni B&U-ráðs

Erindi frá barna- og unglíngaráði þar sem þess er óskað að Aðalstjórn komi að endurskoðun á vímuvarnasamning sem hefur verið gerður við iðkendum í yngri flokkum í knattspyrnu.

*Aðalstjórn leggur að boðaður verði til fundar með fulltrúum B&U þar sem samningurinn verður endurskoðaður. Aðalstjórn leggur áherslu á að allar deildir félagsins geti nýtt sér samninginn.*

*Hallgrímur tekur að sér að vera í sambandi við B&U-ráð.*

**6. Húsnæði/Gámar**

Það er möguleiki á að Völsungi geti áskotnast húsnæði til að nýta sem aðstöðu við íþróttavelli.

*Davíð og Jónas taka að sér að kanna málið frekar og kostnaðargreina verkefnið.*

**7. Fundargerð B&U 9.10.2019**

Fundargerð barna- og unglingaráðs frá 9.10.2019.

*Lagt fram.*

**8. Knattspyrna – staða og yfirmaður knattspyrnumála**

Um áramótin er stefnt á að ráða í stöðu yfirmanns knattspyrnumála hjá Völsungi. Sá starfsmaður hefur það hlutverk að efla faglegt starf innan knattspyrnunnar og samræma og þróa vinnubrögð þjálfara innan félagsins.

*Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að nýju fyrirkomulagi og starfslýsingu.*

**9. Októberfest**

Októberfest Völsungs verður haldið á Hvalbak laugardaginn 26. október.

**10. Formaður og framkvæmdastjóri kölluð á fund byggðaráðs 24.10.2019**

Formaður og framkvæmdastjóri Völsungs voru kölluð á fund byggðaráðs 24.10.2019 til að fara yfir starfsemi félagsins.

Eftirfarandi var bókað á fundi 306. byggðaráðs:

**14. Málefni Völsungs og væntingar til nýs samnings við Norðurþing**

*201910131*

Bergur Elías Ágústsson hefur óskað eftir að forsvarsmenn íþróttafélagsins Völsungs mæti á fund byggðarráðs og fari yfir starfsemi félagsins og væntingar þess til nýs samnings við sveitarfélagið Norðurþing.

*Á fund byggðarráðs komu Bergþóra Höskuldsdóttir formaður Völsungs og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri Völsungs.*

*Byggðarráð þakkar Bergþóru og Jónasi fyrir komuna.*

*Kynnt.*

**Fundi slitið: 18:35**